

Skipulag

Fundarboðandi: Viktor S. Pálsson

Fundarstjóri: Þóra Jónasdóttir

Fundarritari: Viktor S. Pálsson

Fundarstaður: Fjarfundur (Teams)

Dagsetning: 27. mars 2025

Fundartími: 13:00 – 16.00

Pátttakendur: Þóra Jónasdóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Andrés Ingi Jónsson (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Emma Björg Eyjólfsdóttir (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) og Hilmar Vilberg Gylfason, (f.h. Bændasamtaka Íslands). Áheyrnarfulltrúi: Brigitte Brugger (varamaður f.h. Dýralæknafélags Íslands).

Dagskrá

1. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum.

Á fund ráðsins komu Freydís Dana Sigurðardóttir og Sigurbjörg Bergsdóttir dýralæknar hjá Matvælastofnun og Friðrik Már Sigurðsson fagstjóri búfjárræktar og þjónustusviðs. Formaður sauðfjárbænda hafði ekki tæk að koma á þessum fundartíma.

Umfjöllun um málið verður tekin upp á næsta fundi ráðsins. Nefndarmenn óska eftir að tilteknir fjallkongar/réttarstjórar og formaður sauðfjárbænda komi fyrir ráðið til að fá nánari upplýsingar og umræður um umfang málsins og hugsanlegar leiðir til úrbóta

Málið verður unnið áfram af nefndarmönnum milli funda.

Brigitte Brugger, Freydís Dana Sigurðardóttir, Sigurbjörg Bergsdóttir og Friðrik Már Sigurðsson véku af fundi.

2. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

a. Titill umsóknar: „Assessment of Fragmented Fish Skin Infused with Adipose Tissue as a Filling Agent Compared to a Marketed Filling“

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

Andrés Ingi Jónsson fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

b. Titill umsóknar: „Ufsamerkingar“

Fagráðið telur að umsóknin uppfyllir ekki skilyrði ákvæði reglugerðarinnar og telur hana ekki tæka til umfjöllunar að svo komnu máli.

3. Starfshættir Matvælastofnunar varðandi tilkynningar um dýravelferðarmál.

Að beiðni fulltrúa Dýraverndarsamband Íslands var óskað eftir umfjöllun um starfshætti Matvælastofnunar varðandi tilkynningu sem stofnuninni barst vegna brots á lögum um velferð dýra.

Að mati meirihluta fagráðs lýtur málið að stjórnslu Matvælastofnunar varðandi meðferð einstaks máls, þ.e. meðferð stofnunarinnar við móttöku tilkynningar. Fagráð telur erindið falli ekki undir verksvið fagráðsins.

Samþykkt var með þremur atkvæðum gegn einu atkvæði að vísa málinu til afgreiðslu hjá Matvælastofnun. Þóra Jónasdóttir sat hjá.

4. Kröfur til dýrahalds.

Að beiðni fulltrúa Dýraverndarsamband Íslands var óskað eftir umfjöllun um hvaða kröfur eru gerðar til dýrahalds og hvort gera eigi kröfur um að umráðamenn dýra þurfi að sækja um leyfi til þess að hafa og halda öll dýr, bæði gæludýr og búfé.

Fagráð óskar eftir að Matvælastofnun leggi fram samantekt um leyfisveitingar varðandi dýrahald.

Málinu frestað.

5. Drög að dagskrá næsta fundar.

- a. Umsóknir um leyfi til dýratilrauna.
- b. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum.
- c. Lausaganga búfjár og umferð.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:00. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður haldinn fimmtudaginn 10. apríl 2025, kl. 13:00 – 15:00.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.